

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 10. desember 2021
UST202112-081/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 – Íbúðarsvæði – Arnarstaðakot og Skálmholt

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Flóahrepps er barst 7. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 fyrir íbúðarsvæði í Arnarstaðakoti og Skálmholti.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að sveitarfélagið vill leyfa frekari íbúðaruppbyggingu í dreifbýli sem er breyting frá fyrri stefnu. Skilgreind eru tvö svæði, annars vegar í landi Arnarstaðakots þar sem fyrirhuguð er uppbygging búgarðabyggðar og hins vegar í landi Skálmholts þar sem núverandi frístundasvæði og landbúnaðarsvæði innan jarðarinnar verða skilgreind sem íbúðarsvæði.

Íbúðarbyggð

Í greinargerð kemur fram að sett verður fram ný stefna sveitarstjórnar þar sem gert verður ráð fyrir að ný íbúðarsvæði verði heimiluð á svæðum sem liggja vel að samgöngum, veitukerfum og þjónustu innan sveitarfélagsins. Skilgreindar verða hámarksstærðir á lóðum innan skilgreindra íbúðarsvæða, 1 ha. Auk þess kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir íbúðarbyggð á tveimur svæðum sem verða allt að 100 ha að stærð.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli sveitarfélagsins á kafla 2.1.1 í Landskipulagsstefnu¹ þar sem fjallað er um sjálfbæra byggð í skipulagsáætlunum, en þar segir að: „*Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.*“

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við val á íbúðarsvæðum verði einnig tekið tillit til umhverfisins og náttúruverndar.

Umhverfisstofnun bendir á að þau svæði sem hafa verið valin til íbúðarbyggðar að þessu sinni hafa hátt náttúruverndargildi að því leyti að þau eru á svæðum sem njóta sérstakrar verndar og falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013², eins og hraun og votlendi. Á svæðinu eru auk þess vistgerðir sem hafa hátt og mjög hátt verndargildi og eru

¹ https://www.landsskipulag.is/media/pdf-skjol/Landsskipulagsstefna2015-2026_asamt_greinargerð.pdf

² <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>

mikilvægt búsvæði fugla og svæðið er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði af Náttúrufræðistofnun Íslands.³

Hraun og votlendi

Í greinargerð segir að land Arnarstaðakots „er við jaðar Þjórsárhrauns sem er forsögulegt hraun en er þó alveg utan þess.“

Umhverfisstofnun bendir á að hægt er að sjá útbreiðslu hraunsins á kortasjá⁴ Náttúrufræðistofnunar Íslands og að mati stofnunarinnar er svæðið innan hraunasvæða.

Ef svæðið liggur á Þjórsárhrauni sem fellur undir ákvæði 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, þarf að taka tillit til þess. Auk þess bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að við valkostagreiningu séu verndargildi hraunasvæða metin í tillögunni og m.a. tekið tillit til jarðmyndana.

Umhverfisstofnun bendir á að í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufrýrbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Því er mikilvægt að fjallað sé um áhrif tillögunnar á vistkerfin og jarðminjarnar.

Vistgerðir og fuglalíf

Í forsendukafla greinargerðarinnar eru taldar upp þær vistgerðir sem hafa hátt og mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar á skipulagssvæðinu.

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að hugað sé að vernd vistgerða með hátt verndargildi í tillögunni.

Í starungsmýravist⁵ getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

Auk þess tekur stofnunin undir að jákvætt sé hvað þær vistgerðir sem hafa hátt og mjög hátt verndargildi eru útbreiddar hér um land.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

³ <https://vistgerdakort.ni.is/> og <http://www.ni.is/node/16184>

⁴ <https://serstokvernd.ni.is/>

⁵ <https://www.ni.is/greinar/starungsmyravist>

